

Tilmæli 20/2024
Tillaga A 1990/PRE
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit um svar við tilmælum 20/2024 um norræna varnar- og öryggismálastefnu (A 1990/PRE)

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 20/2024 til greina og bíði *pólitísku samráðs* um norræna varnar- og öryggismálastefnu.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að þær skipi norræna nefnd um varnar- og öryggismál sem þingmenn frá öllum norrænu löndunum eiga sæti í.

Svar ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

Í upphafi er vert að nefna að norrænt varnarsamstarf hefur fengið meira vægi en nokkru sinni fyrr. Frá árinu 2009 hafa norrænu löndin haft með sér árangursríkt samstarf um varnarmál á vettvangi NORDEFECO (Nordic Defence Cooperation). Verið er að efla samstarfið frekar með hliðsjón af framtíðarsýn sem gildir til ársins 2030, þ.e.a.s. sameiginlegri langtímastefnu landanna fyrir NORDEFECO sem varnarmálaráðherrarnir samþykktu vorið 2024. Þar sem öll norrænu löndin höfðu gengið í Atlantshafsbandalagið var unnt að marka nýja stefnu. Í langtímastefnunni til loka þessa áratugar felast ný og metnaðarfull markmið á átta samstarfssviðum sem miða að því að efla norrænar varnir:

- Samráð og samræður um áætlanagerð varðandi knýjandi álitamál og stöðuna í öryggismálum.
- Bolmagn til að framkvæma og stýra fjölþjóðlegum aðgerðum.
- Gistiríkisstuðningur og annar varnartengdur stuðningur til að gera sameiginlegar aðgerðir mögulegar.
- Greiðir herflutningar til og frá og með viðkomu í norrænu löndunum.
- Fullnægjandi viðbúnaðargeta, bæði á sviði áætlanagerðar og hernaðar.
- Samstarf um hergögn og búnað til að auka víxlanleika.
- Hernaðarlegt aðfangaöryggi til að auka áfallaþol.



- Allsherjarvarnir til að tryggja fullnægjandi stuðning allra greina samfélagsins við varnarmálin.

NORDEFKO er í óða önn að innleiða hina nýju stefnu, bæði á vettvangi stjórn mála og hernaðar. Þarf af því tilefni að leysa ákveðin flókin vandamál og ryðja hindrunum úr vegi. Kjarninn í norrænu hernaðarsamstarfi er samvinna um aðgerðir sem stuðla að fælingarmætti og vörnum Atlantshafsbandalagsins.

Þótt varnar- og öryggismála sé ekki getið sérstaklega í Helsingforssamningnum og þau ekki á verksviði Norrænu ráðherranefndarinnar fær Norðurlandaráð reglulega yfirlit um starfsemina innan NORDEFKO. Formennskuríki NORDEFKO gefur árlega skýrslu á þingi Norðurlandaráðs um varnarsamstarf Norðurlanda. Jafnframt bera formennskuríki NORDEFKO og varnarmálanefndir landanna saman bækur sínar við hringborðsumræður Norðurlandaráðs, eins og segir í forsætisnefndartillögunni, en það gefur einnig mynd af norrænu samstarfi að varnarmálum og hvar það er á vegi statt. Loks fá þjóðþingin jafnaðarlega upplýsingar um málefni sem varða NORDEFKO.

Þessi tengsl milli NORDEFKO og Norðurlandaráðs eru þar með talin mæta þörfum þjóðþinganna svo að fullnægjandi sé, bæði í norrænu og landsbundnu samhengi. Upplýsingaskipti um NORDEFKO fylgja skýrum og viðurkenndum verklagsreglum. Ber í lengstu lög að forðast skörun ábyrgðarsviða og ákvarðana.

Af þessum sökum hlýtur ný nefnd ekki stuðning. Á hitt er að líta að núverandi upplýsingaskipti uppfylla að hluta tilmæli Norðurlandaráðs, jafnvel þótt ekki sé hægt að koma til móts við tilmælin um stofnun nýrrar nefndar í þeirri mynd sem lagt er til.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að ekki hafi verið orðið við tilmælunum.

Álit forsætisnefndar

Norðurlandaráð hefur undanfarna áratugi hvatt til öflugra samstarfs milli norrænu landanna í utanríkis-, varnar- og öryggismálum, að allsherjarvörnum og almannavörnum meðtöldum. Norðurlandaráð hefur samið fjölda tilmæla og áætlana um þessi mál og fjallað um þau á ýmsum þingum, þemaþingum og öðrum fundum og ráðstefnum.

Forsætisnefndin metur því mikils langtímastefnu ríkisstjórnanna á Norðurlöndum til ársins 2030 um að efla norrænt varnarsamstarf auk þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til nú þegar. Forsætisnefndin kann einnig að meta að varnarmálaráðherrar landanna gefi Norðurlandaráðsþinginu skýrslu á hverju ári og að formennska NORDEFKO taki þátt í árvissum hringborðsumræðum.



Eigi að síður telur forsætisnefndin mikilvægt að efla tengslin frekar við hina samnorrænu þingmannasamkundu, ekki síst ef litið er til þess að við blasir nýr veruleiki í öryggismálum, sbr. einnig alþjóðastefnu Norðurlandaráðs.¹ Þingmenn eru fulltrúar þjóða sinna og skiptir öllu fyrir öryggi landanna að aflað sé eins almenns stuðnings og skilnings á varnar- og öryggismálum og nokkur er kostur. Norræn varnar- og öryggismálanefnd með aðild þingmanna stuðlar einmitt að þessu.

Ánægjulegt er að Jens Stoltenberg hafi verið falið að skrifa skýrslu um öryggis- og varnarsamstarf á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.² Að sjálfsögðu kemur það ekki í stað norrænnar nefndar um varnar- og öryggismál sem í sitja þingmenn, en slík skýrsla myndi veita nefndinni mikilvægar upplýsingar.

Forsætisnefnd vonast eftir uppbyggilegum pólitískum samræðum við norrænu varnarmálaráðherrana um að koma á laggirnar norrænni varnar- og öryggismálanefnd með aðild þingmanna frá öllum norrænu löndunum.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Heléne Björklund (S)

Dagbjört Hákonardóttir (Sf.)

Henrik Møller (S)

Kim Berg (sd)

Halla Hrunn Logadóttir (FSF)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Lars-Christian Brask (LA)

Maria Stockhaus (M)

Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)

Helge Orten (H)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Angelika Bengtsson (SD)

¹ <https://www.norden.org/is/node/79705>

² <https://www.regjeringen.no/no/aktuelt/stoltenberg-skal-skrive-rapport-om-sikkerhets-og-forsvarssamarbeid-i-norden-og-baltikum/id3081569/>